

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1101/2004, um markaðssetningu sæfiefna.

1. gr.

Í stað 7. liðar í töflu í A. hluta V. viðauka, „Virki efni sem heimilt er að nota í sæfiefni“, komi nýr 7. liður, sbr. töflu í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, og lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/74/ESB frá 9. nóvember 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að rýmka færsluna fyrir virka efnið koldíoxíð í I. viðauka við tilskipunina þannig að færslan nái yfir sæfiefnaflokk 18, sem vísað er til í lið 12n í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2011.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 29. september 2011.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

I. VIÐAUKI

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarks- hreinleiki virks efnis í sæfiefni við markaðssetningu	Dagsetning skránningar	Markaðsleyfi sæfiefnis skal gefið út fyrir ⁱ	Skráning gildir til	Sæfiefna- flokkur	Skilyrði fyrir markaðsleyfi ⁱⁱ
7	koldíoxíð	koldíoxíð EB-nr.: 204-696-9 CAS-nr.: 124-38-9	990 ml/l	1. nóvember 2009	31. október 2011	31. október 2019	14	Meta þarf áhættu og tryggja að réttar ráðstafanir verði gerðar eða setja ákveðin skilyrði til að draga úr áhættu. Umsókn þarf að sýna fram á að hægt sé að draga þannig úr áhættu að hún verði viðunandi.
			990 ml/l	1. nóvember 2012	31. október 2014	31. október 2022	18	Meta skal áhættu og því næst tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar eða sérsiðk skilyrði sett til að draga úr þekktri áhættu svo við megi una. Markaðsleyfi skal vera háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Sæfiefni má eingöngu selja fagfólki sem fengið hefur þjálfun í að nota það og því einu er heimilt að nota sæfiefnið. 2) Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að áhættu fyrir notendur sé í lágmarki, þ.m.t. að persónuhlífar séu aðgengilegar ef nauðsyn krefur. 3) Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að verja nærstadda, s.s. með því að tæma meðhöndlaða svæðið meðan á svælingu stendur.

ⁱ Þessi dagsetning á ekki við ef sæfiefnið inniheldur fleiri en eitt virkt efni, í því tilfalli gildir sú dagsetning sem tilgreind er fyrir það virka efni sem síðast er skráð í viðaukann og sem hefur lengstan frest.

ⁱⁱ Nánari upplýsingar má fá í matsskýrslum (assessment reports) sem unnt er að nálgast á heimasíðu framkvæmdasíðmarinnar: <http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm>.